


Rosahringur minni

Written by Strandagaldur
Monday, 14 November 2005 12:43

Rosahringur er ristur á mórautt hundtíkarskinn holdrosamegin. Í skurðinn er borið blóð úr svörtum fressketti sem skorinn hefur verið á háls með fullu tungli.



Rosahringur minni

Stafurinn er góður varnarstafur gegn uppvakningum, sendingum og galdri. Við notkun hans er gott að hafa þetta yfir:

Komi mér hjálp af jörðu, sigur af sólu, sæla af tungli, stoð af stjörnum og styrkur af englum drottins.

Ef nota á stafinn til að reka út eldglæringadraug eða djöful þá á að hrækja, skvetta keytu og ota skinninu með þessum orðum:

Undan vindi vondan sendi, óskir ferskar raski þrjósnum, galdurs eldur gildur holdið, grenni kenni og innan brenni. Eyrun dára örin særi, eitrið ljóta, bíti hann skeytið, allur fyllist illum sullum, eyði kauða bráður dauði.